

Tillaga til 494. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 5. maí 2022

Tillaga frá 581. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar sem fram fór þann 6. apríl 2022, um að bæjarstjórn heimili málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga 123/2010.

2. Ósk um óverulega breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar vegna jarðhitánytingar við Laugar í – 2022030080

Lagður fram uppdráttur ásamt greinargerð dags. 31. mars 2022, unnið af Verkís ehf. með tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 vegna borholusvæðis í landi Lauga í Súgandafirði og byggingar dæluhúss Orkubús Vestfjarða ohf. í landi Ísafjarðarbæjar, að landnotkun breytist úr landbúnaðarsvæði í iðnaðarsvæði. Áform Orkubús Vestfjarða hafa verið kynnt fyrir landeiganda Lauga.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga 123/2010.